

Ísafjarðarbær
Helga Þuríður Magnúsdóttir
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Reykjavík, 10. ágúst 2022
UST202207-012/B.S.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008 - 2020 – Landfylling. Umsögn

Vísað er til erindis Ísafjarðarbæjar dags. 1. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Fyrirhugað er að nýta um 200.000 m³ af dýpkunarefni í landfyllingu norðan Skutulsfjarðareyrar þar sem rísa mun íbúðabyggð.

Fram kemur í greinargerð að Skutulsfjarðareyri sé að stórum hluta landfylling sem stækkað hefur jafnt og þétt síðustu áratugi. Einnig kemur fram að núverandi fjara norðan Eyrinnar hafi verið fjölsóttur staður til útivistar m.a. fyrir börn. Víð gerð nýrrar landfyllingar verði sköpuð svipuð aðstaða til útivistar neðan sjóvarnar og göngustíg meðfram sjónum.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögum og vill stofnunin benda á vefsíðuna [www.vatn.is](http://vatn.is).

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis- og orkumálaráðherra. Áætlanirnar gilda sex ár í senn en þær er hægt að finna á vef Umhverfisstofnunar: <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaetlun-2022-2027/>. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í

samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Leyfi

Umhverfisstofnun veur athygli á því að varp dýpkunarefna í hafið er háð leyfi stofnunarinnar samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Notkun efnis í *opna landfyllingu** telst vera varp í hafið samkvæmt 4.gr. í leiðbeinandi reglum um meðferð dýpkunarefnis og því leyfisskilt.

**Opin landfylling:* Nýmyndun lands, ekki varin eða er að hluta varin með varnargörðum. Efni liggur á hafsbotni að einhverju leyti óvarið fyrir straumum og flæði sjávar og aðgengilegt lífverum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að útivistarsvæði í fjörunni verði barnvænt og snyrtilegt. Bætt skólphreinsum ætti að stuðla að því að slíkt verði.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við skipulagsbreytinguna.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur